



Akureyrarbaer

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 27. október 2023
2023101041 / 01-615

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, 327. mál

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 26.10.2023 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram erindi dagsett 19. október 2023 frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, 327. mál 2023.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 2. nóvember nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0334.pdf>

Bæjarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu um fasta starfsstöð á Akureyri fyrir eina af þyrlum Landhelgisgæslunnar. Að mati bæjarráðs væri þetta skynsamleg og löngu tímabær ráðstöfun til þess að tryggja betur öryggi fólks víða um land. Ekki er æskilegt að hafa allar þyrlur gæslunnar á sama svæðinu með tilliti til óveðurs, náttúruhamfara og annarra skakkafalla auk þess sem slíkt fyrirkomulag tryggir illa fullnægjandi þjónustu við fjarlægari landshluta, einkum Norður- og Austurland. Mikil tækifæri felast í tengingu við sjúkraflugíð sem er staðsett á Akureyri og augijós samlegðaráhrif þegar kemur að mönnun og þjónustu við sjúkraflug og þyrlu.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra



Elín Dögg Guðjónsdóttir
skjalastjóri